

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu.

Breyting á deiliskipulagi 2. áfanga frístundabyggðar í landi Efri-Brúar.

Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja íbúðarhús ásamt aukahúsum í stað frístundahúsa á svæðinu. Hámarksstærð íbúðarhúsa verður 300 m² en hámarksstærð aukahúsa 25 m². Mesta mænishæð yfir gólfkóta er 5,5 m. Samþykkt í sveitarstjórn 6. mars 2008.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. júní 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,
Pétur Ingi Haraldsson.